Ed. **793. Frumvarp til laga** [280. mál]

**um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 23 3. maí 1972 og lög nr. 62 31. maí 1976.**

(Eftir 2. umr. í Ed., 28. apríl.)

1. gr.

70. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 62 31. maí 1976, breytist sem hér segir:

a. 1. mgr. orðist svo:
   Eiganda skráðs, vélknúins ökutækis er skylt að kaupa í vátryggingafélagi, sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra, og halda við vátryggingu fyrir ökutæki sitt, sem nemi kr. 24 000 000 fyrir bifreið og kr. 12 000 000 fyrir önnur ökutæki.
b. Í stað „kr. 600 000" í 2. gr. komi: kr. 1 200 000.
c. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
   Heimilt er dómsmálaráðherra að fengnum tillögum tryggingaeftirlitsins að hækka vátryggingarfjárhæðir samkv. 1. og 2. mgr. í samræmi við verðlagsbreytingar.

2. gr.

Í stað „1.25‰" í 1. mgr. 73. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 23 3. maí 1972 og 11. gr. laga nr. 62 31. maí 1976, komi: 1‰.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1978.